

**Grímsnes- og grafningshreppur**

Stjórnsýsluhúsinu Borg,
805 Selfoss

Tilkynning um fyrirhugaða breytingu á skráningu á Sólheimavegi (3774-01) í vegaskrá.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007, að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á að fyrirhuguð er breyting á skráningu á héraðsveginum Sólheimavegi (3774-01) í vegaskrá.

Héraðsvegir eru skilgreindir með eftirfarandi hætti í c-lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007:

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis. eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins hafa þéttbýlismörk á Sólheimum breyst og er Sólheimavegur (3774-01) nú innan þéttbýlismarka, sjá Mynd 1.



Mynd 1 Rauð punktalína sýnir þéttbýlismörk Sólheima, blá lína sýnir héraðsveg sem nú er innan þéttbýlismarka, mynd úr kortasjá Vegagerðarinnar (FEB).

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skylt að fella veg úr tölu

Síða 1/2

Vegagerðin

Suðurlhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess tilkynnist hér með að Vegagerðin áformar að færa upphafspunkt Sólgeimavegar (3774-01) að nýjum þéttbýlismörkum. Taka þessar breytingar gildi að óbreyttu um næstu áramót og mun viðhald og þjónusta veganna innan þéttbýlismaka ekki vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Hér með er gefinn kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, á netfangið feb@vegagerdin.is innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Afrit sent til sveitarfélagsins: gogg@gogg.is

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Freydís Edda Benediktsdóttir

Síða 2/2

Þetta skjal hefur verið samþykkt
rafrænt

Vegagerðin